

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 110

Febrúar 2008

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

AÐALFUNDUR JÖRFÍ

Aðalfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 26. febrúar kl:20:00 í **Öskju**, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Efni fundarins: hefðbundinn aðalfundarstörf.

Að loknum aðalfundarstörfum mun Finnur Pálsson sýna myndir frá austurhluta Vatnajökuls.

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Jökларannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 26. febrúar kl. 20:00 í sal 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Efni fundarins er samkvæmt 7. grein laga félagsins.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Kjör heiðursfélaga (engin tillaga liggur fyrir)
3. Skýrsla stjórnar
4. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar (engar tillögur liggja fyrir)
6. Kosning stjórnar
7. Kjör valnefndar
8. Kosning endurskoðenda
9. Önnur mál

Að loknum aðalfundarstörfum og kaffihléi sýnir Finnur Pálson myndir sem hann hefur tekið á ferðum sínum um austurhluta Vatnajökuls, meðal annars í Goðahnjúkum, Esjufjöllum, Djöflaskarði, Gæsaheiði og fleiri fáförnum slóðum en fáir hafa farið jafnoft og víða um þennan hluta jökulsins og Finnur.

SPORÐAMÆLINGAR HAUSTIÐ 2007

Borist hafa mælingar frá 47 mælingastöðum við jökla landsins. Fátt kemur þar á óvart. Heinabergsjökull hefur lengst á báðum mælistöðunum sem er vegna þess að hann er á floti í lóni og hegðar sér því ekki endilega í samræmi við loftslagið nema í stórum dráttum. Jöklar styttast á 39 mælistöðvum en ómælanlegt var á 6 þeirra. Nú er í fyrsta sinn í tæpa tvo áratugi ekki vitað um neinn framhlaupsjökul í gangi eftir að Reykjarfjarðarjökull og Búrfellsjökull styttust báðir

örlítið á síðasta ári. Spannandi verður að sjá hver hleypur næst. Röðin ætti bráðum að koma að Eyjabakkajökli.



Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir á Hagafellsjökli eystri 7. október 2007. Enn brotnar af jökulsporðinum út í Hagavatn en jökullinn hljóp fram í vatnið 1999. Ljósmynd Einar Ragnar Sigurðsson.

Alltaf bætast nýir félagar í jöklamælingamannahópinn. Sérstaklega ánægjulegt er að ungt fólk býður fram starfskrafta sína og gott er að geta tengt mælingarnar skólastarfi eins og gert er við Framhaldsskóla Austur-Skaftafellsýslu. Nú hefur hópur jarðfræðinema við Háskóla Íslands tekið að sér að mæla Skálafellsjökul í Suðursveit. Í haust fóru í mælingaferðina Sigurlaug María, Bára Dröfn, Tinna, Þorbjörg Helga, Anna Stella, Marín Ósk, Kristján Egill og Minney. Nokkrir áhugasamir kærastar fengu að fljóta með. Þessi hópur hefur lífið framundan og ætti að geta sinnt Skálafellsjökli marga áratugi. Margt merkilegt, sem engin hefur áður séð, á eftir að birtast þeim undan jöklinum ef svo heldur fram sem horfir.

Á undanförnum 2-3 árum hafa margir spurst fyrir um sporðamælingar Jöklarannsóknafélagsins, einkum útlendingar. Hafa þættir, greinar og fréttir um sjálfboðalið JÖRFÍ birst víða um lönd m.a. í Toronto Starr, Courrier International í París, Suomen Luonto í Finnlandi, Canadian Broadcasting Company, New Yorker, CBS 60 Minutes, BBC, bókinni Field Notes from a Catastrophe eftir Elizabeth Kolbert, skáldsögunni State of Fear eftir Michael Crichton, tvisvar í National Public Radio í BNA, National Geographic, 2

japönskum sjónvarpstöðvum, Deutschlandfunk, Sveriges radio P1 og ýmsum fleiri. Nú síðast fréttist af þætti um jökla­mælingar­nar í sjónvarpi í Senegal! Meðal annarra sem komið hafa við sögu eru Guðlaugur Gunnarsson frá Svínafelli, Leifur Jónsson, Indriði Aðalsteinsson á Skjaldfönn, Hannes Jónsson á Hvoli, Kristjana G. Eypórsdóttir og fleiri. Ég held að ekki sé ofmælt að fá íslensk rannsóknarverkefni hafa verið meira kynnt erlendis en einmitt sporðamælingar JÖRFÍ og ekki að ófyrirsynju.

Oddur Sigurðsson

OPÍÐ HÚS Í MÖRKINNI

Stjórn félagsins ákvað síðastliðið haust að brydda upp á þeirri nýbreytni að halda opið hús nokkur kvöld nú í vetur. Fyrsta opna húsið var mánudaginn 21.janúar í risinu á Mörkinni 6 og þótti takast vel. Um 20 manns mættu og skemmtu sér meðal annars við að horfa á kvikmyndir úr vorferðum sem Árni Kjartansson tók á árunum fyrir 1960. Næsta opna hús í risinu verður haldið mánudagskvöldið 18. febrúar kl. 20. Ætlunin er að þeir sem áhuga hafa geti hist og spjallað yfir kaffibolla og e.t.v. horft á myndir úr jöklaferðum.

Óvissa er með framhaldið þar sem Ferðaklúbburinn 4x4 mun flytja sig úr risinu í lok mánaðarins og því ekki hægt að leigja aðstöðuna af þeim eftir þann tíma. Stjórnin hefur fullan hug á að halda opin hús fyrir félagsmenn einu sinni í mánuði og mun tilkynna um framhaldið þegar málin hafa skýrst.

SKÁLAGJÖLD 2008

Á fundi stjórnar Jökларannsóknafélagsins 7. janúar síðastliðin var samþykkt eftirfarandi gjaldskrá fyrir gistingu í skálum félagsins.

	Félagsmenn kr/nótt/mann	Utanfélagsmenn kr/nótt/mann
Grímsfjall	1.900.-	2.500.-
Jökulheimar	1.500.-	2.000.-
Esjufjöll	1.500.-	2.000.-
Aðrir skálar	900.-	1.200.-

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Valgerður Jóhannsdóttir